



Kópavogi, 16. maí 2024
2402871/001.00 SMK

Erindisbréf kjörstjórnar í lýðræðisverkefninu Okkar Kópavogur

Ábyrgðarmaður: Bæjarritari, Pálmi Þór Másson.

Markmið verkefnisins Okkar Kópavogur:

Verkefnið er liður í auknu lýðræði í sveitarfélaginu, og er tilgangurinn að bæta tengsl bæjaryfirvalda við íbúa, færa íbúum aukna ábyrgð og virkja þá í aukinni þátttöku í ákvarðanatöku um framkvæmdir í bænum. Auk þess er verkefninu ætlað að hafa áhrif á bætta líðan og upplifun bæjarbúa á nærsamfélaginu, og gera hverfin vistlegri, skemmtilegri og fjölbreyttari.

Markmið verkefnisins er að:

- hvetja íbúa til að láta sig nærumhverfið varða og hafa skoðun á því,
- íbúar komi hugmyndum sínum á framfæri,
- íbúar taki þátt í að ráðstafa fjármagni sveitarfélagsins.

Hlutverk kjörstjórnar:

Kjörstjórn ber ábyrgð á framkvæmd kosninganna, sker úr um vafaatriði og afgreiðir þær athugasemdir er kunna að berast vegna þeirra. Kjörstjórn setur allar grunnlínur um framkvæmd rafrænu kosninganna og tekur allar stærri ákvarðanir. Í kjörstjórn sitja eftirfarandi:

- Bæjarritari, Pálmi Þór Másson
- Forstöðumaður upplýsingatæknideildar, Ingimar Þór Friðriksson
- Lögfræðingur, Anna Kristín Guðmundsdóttir

Fyrirspurnir og ábendingar varðandi framkvæmd kosninga skulu berast á bæjarritara.

Deloitte hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar.

Kjörstjórn tekur til starfa að lokinni hugmyndasöfnun og lýkur störfum viku eftir að niðurstöður kosninga liggja fyrir, eða eftir því sem þörf er á.

Að öðru leyti er vísað í verkefnalýsingu verkefnisins.